

---

## Þróun Sundahafnar

### Álit um mat á umhverfisáhrifum

---

## 1 Inngangur

### 1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 25. nóvember 2021 lögðu Faxaflóahafnir fram umhverfismatsskýrslu um þróun Sundahafnar til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2022 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 14. desember 2021 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 13. desember 2021 til 31. janúar 2022 hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Kynningarfundur var haldinn í húsnæði Íslenska sjávarklasans þann 21. desember 2021.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Reykjavíkurborgar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

### 1.2 Gögn

#### Framlögð gögn Faxaflóahafna

Umhverfismatsskýrsla: Þróun Sundahafnar. Faxaflóahafnir og Efla, nóvember 2021.

Viðaukar með umhverfismatsskýrslu

- Sundahöfn. Mat á áhrifum fyrirhugaðra dýpkana á strauma og setflutning. Vatnaskil, júní 2021.

Eftir að umhverfismatsskýrsla lá fyrir óskaði Skipulagsstofnun frekari upplýsinga frá framkvæmdaraðila um tiltekin atriði og bárust svör við þeim 16. og 17. mars 2022.

#### Umsagnir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá: Reykjavíkurborg 2. febrúar 2022, Hafrannsóknastofnun 4. febrúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 31. janúar 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 1. febrúar 2022, Orkustofnun 7. febrúar 2022, Umhverfisstofnun 21. janúar 2022 og Vegagerðinni 31. janúar 2022.

Auk framangreindra umsagna barst umsögn frá Eimskipum 31. janúar 2022.

## 2 Framkvæmd

### 2.1 Framkvæmdalýsing

Í köflum 3.1 til 3.4 í umhverfismatskýrslu er að finna lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum við Sundahöfn. Í kafla 3.4 er fjallað ítarlega um hvernig staðið verður að dýpkun og gerð landfyllinganna. Í köflunum er einnig fjallað um markmið með breytingunum sem sé einkum að styrkja hlutverk Sundahafnar sem flutningahöfn með því að auka almennt athafnarými hafnarinnar og bæta þjónustu hennar.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í dýpkun Viðeyjarsunds um 2,8 m að meðaltali og gerð landfyllinga á svæðinu. Fyrirhugað er að lengja Skarfabakka til suðurs, færa Kleppsbakka utar og lengja Sundabakka og Vogabakka svo að þeir nái saman. Við Klettagarða er fyrirhuguð landfylling utan við skólphreinsistöð Veitna. Í heildina er áætlað að taka um 3.150.000 m<sup>3</sup> af efni af hafsbotni við dýpkun Viðeyjarsunds á um 113 ha svæði. Samkvæmt umhverfismatskýrslu er dýpkunarsvæðið allt innan athafnasvæðis Sundahafnar þar sem náttúrulegum botni hafi að mestu leyti verið raskað með fyrri dýpkunaraðgerðum. Heildarefnisþörf allra landfyllinga í og við Sundahöfn er metin um 2.00.000 m<sup>3</sup> og heildarstærð þeirra um 15 ha. Við dýpkun Viðeyjarsunds fellur til mikið magn efnis sem nýtt verður sem undirlag í landfyllingar en jafnframt er þörf á að fá burðarhæft efni. Gert er ráð fyrir að notast við efni sem fellur til vegna framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu en ef ekki fæst nægilegt efni á þann máta verður efni fengið úr Lambafellsnámu í Ölfusi. Magn dýpkunarefnis er meira en nýttist sem undirlag í landfyllingar í Sundahöfn og verður leitast við að nýta efnið í aðrar landfyllingar, verði þess nokkur kostur, t.d. á vegum Reykjavíkurborgar eða nálægra sveitarfélaga. Það dýpkunarefni sem ekki verður hægt að nota í landfyllingar verður losað í gamla malarnámu á hafsbotni norðvestan við Engey og er áætlað að losa þurfi um 1.200.000 m<sup>3</sup> við Engey, og dreifist sú losun yfir 20 ára tímabil.

#### Áfangaskipting

Fyrirhuguðum framkvæmdum verður skipt upp í nokkra áfanga og dreift yfir 20 ára tímabil en ekki verða stöðugar framkvæmdir allan þann tíma heldur af og til með hléum og gætu jafnvel liðið mörg ár milli áfanga. Áfangaskiptingin stjórnast bæði af þörfinni fyrir dýpri hafnaraðstöðu, og af þörfinni fyrir nýjar landfyllingar.

Eftirfarandi er áætluð áfangaskipting sem getur tekið breytingum á framkvæmdartíma:

- Áfangi 1: Fylling í Vatnagarða, lenging Skarfabakka, dýpkun í Viðeyjarsundi
- Áfangi 2: Lenging Sundabakka og dýpkun í Viðeyjarsundi
- Áfangi 3: Lenging Vogabakka og dýpkun Kleppsvíkur
- Áfangi 4: Færsla Kleppsbakka utar og dýpkun Viðeyjarsunds
- Áfangi 5: Fylling á Klettasvæði við Laugarnes



Mynd 1 Yfirlitsmynd sem sýnir dýpkunarsvæði og landfyllingar (úr umhverfismatskýrslu).

## 2.2 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna er umfjöllun um valkosti í kafla 3.3. Þar kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir öðrum staðsetningarvalkostum.

Í umfjöllun Faxaflóahafna er greint frá staðsetningarkostum um framtíðarhöfn við Faxaflóa sem skoðaðir hafa verið og ástæðum þess að frekari uppbygging við Sundahöfn varð fyrir valinu. Þær staðsetningar sem komu til skoðunar voru í Helguvík, á Keilisnesi, í Óttarstaðalandi hjá Straumsvík og á Grundartanga. Þessir valkostir um staðsetningu framtíðarhafnar voru allir afskrifaðir. Hvað varðar valkosti um minna umfang framkvæmda er það mat Faxaflóahafna að ekki sé sérstakur ávinningur af því. Minni dýpkun skili ekki umhverfislegum ávinningi þar sem um leið og byrjað er að dýpka sé búið að raska botninum. Að draga úr flatarmáli dýpkunarsvæðis sé ekki heldur talinn valkostur því þá verða eftir grynnri svæði sem geri djúpristum skipum erfitt fyrir að athafna sig og takmarki notkunarmöguleika hafnarinnar. Auk þess þurfi að tryggja nægt snúningssvæði fyrir stærstu skipin.

Í umsögn um tillögu að matsáætlun benti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur á nauðsyn þess að kanna aðra valkosti fyrir staðsetningu hafnarinnar í ljósi fjölgunar íbúa í nágrenni Sundahafnar og staðfests ónæðis frá svæðinu.

Faxaflóahafnir benda á að það að færa stærstu og umfangsmestu höfn landsins þó það tæki bara til hluta starfseminnar er gríðarmikil framkvæmd hvað þá að byggja upp nýja höfn frá grunni hefði mun meiri umhverfisáhrif í för með sér en að viðhalda og stækka Sundahöfn.

## 3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, og óveruleg áhrif, talsvert jákvæð, verulega jákvæð og óviss umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 41 í umhverfismatsskýrslunni. Skipulagsstofnun notar í þessu álitni einnig vægiseinkunnina nokkuð neikvæð og er þá átt við staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin geta verið að hluta varanleg og óafturkræf.

Við umfjöllun um hvern umhverfispátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Faxaflóahafna á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu auk annarra gagna.

### 3.1 Laxfiskar

#### Mat Faxaflóahafna

Í umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna kemur fram að fyrirliggjandi rannsóknir sýni að allir laxfiskar á leið til Elliðaá fari um eða rétt fram hjá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem og seiði á leið til sjávar. Fyrirhugaðar landfyllingar þrengi ekki að Viðeyjarsundi en dýpkun sundsins kunni að hafa áhrif á laxfiska vegna gruggmyndunar á meðan á framkvæmdum stendur. Faxaflóahafnir benda á að dýpkunarframkvæmdum verði áfangaskipt og muni fara fram á hluta svæðisins í einu auk þess sem gruggmyndun sé staðbundin í næsta nágrenni dæluskipsins. Engar landfyllingar séu fyrirhugaðar við uppbyggingu Gufuness og því séu áhrif þeirrar uppbyggingar á laxfiska hverfandi. Helst sé það frárennsli frá hverfinu sem gæti haft áhrif á lífríki sjávar á sundinu milli Gufuness og Viðeyjar. Landfyllingar innst í Elliðavogi í tengslum við ný hverfi á því svæði þrengi hins vegar töluvert að ósasvæði Elliðaáanna úr báðum áttum, en bæði seiði og fullorðnir fiskar eyði mun meiri tíma þar en á Viðeyjarsundi. Búsavæði á grunnsævi muni hverfa og þar með skerða fæðuöflunarmöguleika seiða og fyrirhugaðar framkvæmdir muni valda auknu álagi á fiskistofna sem

þrengt er að úr öllum áttum. Faxaflóahafnir telja hins vegar að þar sem ekki sé þrengt að farleiðum laxfiska við fyrirhugaðar framkvæmdir, seiði og fullorðnir laxar eyði litlum tíma á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, gruggmyndun verði óveruleg og sambærileg fyrri framkvæmdum og þar sem um helmingur gönguseiða fari austur og norður fyrir Viðey á leið sinni til sjávar framhá stærsta hluta framkvæmdasvæðisins verði áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska verði óverulega neikvæð.

#### *Vöktun og mótvægisáðgerðir*

Faxaflóahafnir hafa sett fram eftirfarandi mótvægisáðgerðir til þess að koma í veg fyrir og/eða draga úr neikvæðum áhrifum á laxfiska auk viðbragða við vöktunarniðurstöðum:

- Komi til þess að sprengja þurfti klappir á botni Viðeyjarsunds verður það gert utan göngutíma laxfiska í Elliðaár, þ.e. ekki verður sprengt frá maí fram í ágúst.
- Þar sem allir fiskar sem á annað borð eru á leið til eða frá Elliðaánum fara um svæðið milli Gufuneshöfða og Vogabakka munu Faxaflóahafnir ekki dýpka á því svæði á göngutíma seiða og fullorðinna fiska, þ.e. maí – september.
- Fiskistofnar í Elliðaánum eru vaktaðir með ítarlegum rannsóknum á hverju ári. Seiði eru talin og fylgst með stærð og holdafari þeirra. Fylgst er með gönguseiðum á leið til sjávar á vorin og teljari neðarlega í ánum myndar og telur hvern einasta fisk sem að gengur upp ána. Komi í ljós við þá vöktun einhver atriði sem hægt er að rekja til framkvæmda Faxaflóahafna verður brugðist við í samráði við tilheyrandi aðila, t.d. Fiskistofu og/eða Hafrannsóknastofnun.

#### **Umfjöllun Skipulagsstofnunar**

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði eða í næsta nágrenni svæðis þar sem allir laxfiskar á leið til Elliðaáa og seiði á leið til sjávar fara um. Fyrirhugaðar framkvæmdir kunna því að hafa neikvæð áhrif á laxfiska. Að mati Skipulagsstofnunar geta mestu áhrifin verið vegna dýpkunarframkvæmda, m.a. vegna gruggmyndunar. Áform framkvæmdaraðila um áfangaskiptingu uppbyggingar sem og að dýpka ekki á svæði milli Gufuneshöfða og Vogabakka á göngutíma laxfiska eru þó til þess fallin að draga úr slíkum áhrifum. Áhrif vegna gruggmyndunar eru líkleg til að vera að mestu staðbundin og afmörkuð við næsta nágrenni þess svæðis sem dýpkun fer fram á hverju sinni. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að lítið er vitað um hvort seiði nýti sér fyrirhugað framkvæmdasvæði til fæðuöflunar á leið til sjávar. Jafnframt að sjóbirtingur, bæði úr Elliðaáam og Leirvogsa, nýti sér ósasvæði Elliðaáa og sundin til fæðuöflunar. Áhrif dýpkanafarmkvæmda, utan áhrifa vegna gruggmyndunar, eru því meiri óvissu háð að mati Skipulagsstofnunar. Að framansögðu telur Skipulagsstofnun að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á laxfiska en þau eru þó háð nokkurri óvissu.

Hvað samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum varðar kemur fram í umsögn Hafrannsóknastofnunar að fyrirhugaðar landfyllingar komi til með að þrengja enn frekar að því svæði sem göngufiskar hafa og að framkvæmdir munu auka álag á stofna laxfiska. Skipulagsstofnun tekur undir framangreint þrátt fyrir að fyrirhugaðar landfyllingar Faxaflóahafna verði hlutfallslega lítil viðbót við þær landfyllingar sem þegar eru til staðar. Þá eru fyrirhugaðar landfyllingar austan við ósasvæði Elliðaáa sem eru líklegar til að þrengja enn frekar að stofnum laxfiska á svæðinu. Jafnframt má telja að uppbygging Sundabrautar yfir Kleppsvík, verði hún að veruleika, auki frekar á álag á laxfiska. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna standi yfir í fjölda ára með hléum og því má gera ráð fyrir viðvarandi áhrifum á laxfiska sem geta haft samlegðaráhrif með öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum í Elliðaárvogi. Samlegðaráhrifin kunna að vera talsvert neikvæð en jafnframt háð óvissu.

Hafrannsóknastofnun bendir á í umsögn sinni að óljóst sé hvernig vöktunarrannsóknir í Elliðaáam geti aðgreint áhrif framkvæmda Faxaflóahafna frá öðrum þáttum, bæði náttúrulegum og af mannavöldum, sem geta haft áhrif á afkomu fiska í Elliðaáam. Í svörum framkvæmdaraðila segir að framkvæmdir við dýpkanir og landfyllingar muni vera í gangi af og til næstu 20 árin og kunni að líða

einher ár þar sem engar framkvæmdir verði í gangi. Versni laxagengd á þeim árum sem að framkvæmdir eru í gangi þá gæti það bent til neikvæðra áhrifa á laxfiska af þeirra völdum. Skipulagsstofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnun um að erfitt geti orðið að aðgreina áhrif vegna framkvæmda Faxaflóahafna frá öðrum þáttum. Þá er óljóst hvaða aðgerða framkvæmdaraðili getur gripið til á grundvelli vöktunar.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í leyfi til efnistöku á hafsbótnei verði leyfilegt tímabil efnistöku skilgreint.

## 3.2 Fuglalíf

### 3.2.1 Mat Faxaflóahafna

Mat Faxaflóahafna á áhrifum á fugla byggist á nokkrum fyrirbyggjandi rannsóknum sem unnar hafa verið vegna ýmissa framkvæmda á og við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að á því svæði sem til standi að dýpka og stækka landfyllingar séu engar náttúrulegar fjörur heldur einkennist það af hafnarbökkum með fjölbreyttri hafnarstarfsemi. Á dýpkunarsvæðinu þar fyrir utan sé stöðug skipa- og bátaumferð flesta daga og hafi stærstum hluta sjávarbotnsins á svæðinu verið raskað með fyrri dýpkunum. Fuglalíf innan framkvæmdasvæðisins sé því fábrotið en fuglar af nálægum svæðum fara þar um án þess þó að dvelja þar löngum stundum. Æðarfuglar verji tíma sínum aðallega á sjó og sé æður líklega sú fuglategund sem einna helst sé að vænta á dýpkunarsvæðinu yfir sumartímamann en hún er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) sem tegund í nokkurri hættu og er ábyrgðartegund. Helstu fæðuslóðir æðarfugla í Viðey verði áfram óraskaðar og það, ásamt stöðugri skipaumferð, geri það að verkum að ólíklegt sé að æðarfuglar hafi nýtt dýpkunarsvæðið mikið til fæðuöflunar og því ekki líklegt að frekari dýpkun muni hafa teljandi áhrif á fæðuöflunarmöguleika fuglanna í framtíðinni.

Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint Elliða- og Grafarvog sem mikilvæg fuglasvæði og er innsti hluti dýpkunarsvæðisins við Vogabakka innan þessa svæðis en Elliða- og Grafarvogur eru einnig svæði sem NÍ hefur gert tillögu um að verði sett á B hluta náttúruminjaskrár. Í umhverfismatsskýrslu segir að mikið hafi verið þrengt að svæðinu með landfyllingum í gegnum árin og Reykjavíkurborg hyggist stækka landfyllingar enn frekar á leirunni í Elliðavogi. Hvað varði gruggmyndun við dýpkun þá sé hún mjög staðbundin í kringum dæluskipin og þar sem einungis verði dýpkað á einum stað í einu verði áhrif á fuglalíf afar takmörkuð enda sé nóg pláss á haffletinum utan áhrifasvæðis dýpkunarskipanna. Við fyrri dýpkanir hafi ekki orðið vart við grugg í fjörum eða í Grafarvogi og ekki sé tilefni til að ætla að breyting verði á því. Hvað varði samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda með uppbyggingaráformum í Elliðavogi og stækkun bryggjuhverfis, við Gufunes og nýs Vogahverfis á fuglalíf þá sé ljóst að þó að áhrif á stofna verði óveruleg þá sé um að ræða nokkra skerðingu á leirum sem fjölmargar fuglategundir nýti sér til fæðuöflunar, sem og skerðingu á svæði sem að gulendur og aðrir vatnafuglar nýti við ósa Elliðaár.

Það er niðurstaða Faxaflóahafna að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fuglalíf verði óverulega neikvæð í ljósi eftirfarandi atriða:

- Landfyllingar séu eingöngu stækkanir á fyrri landfyllingum, engin náttúruleg fjara eða land raskist.
- Landfyllingar skagi ekki út í Viðeyjarsund og þrengi ekki að búsvæðum fugla.
- Dýpkun að meðaltali um 2,79 m sé á svæði sem sé 81% nú þegar raskað eftir fyrri dýpkanir.
- Efnislosun við Engey sé í 250 m fjarlægð frá eyinni og hafi óveruleg áhrif á fuglalíf.
- Áhrif á fæðuöflun æðarfugla séu óveruleg.
- Gulendur séu að mestu nær ósum Elliðaánna og haldi sig lítið á framkvæmdasvæðinu.
- Fuglar á svæðinu séu vanir skipaumferð og daglegum umsvifum manna.

### 3.2.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Mat á áhrifum á fugla er byggt á fyrirbyggjandi rannsóknum sem að hluta taka til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og að hluta til nærliggjandi svæða. Náttúrufræðistofnun Íslands benti í umsögn sinni á að æskilegra hefði verið að fara í nýjar athuganir á búsvæðum fugla á áhrifsvæðinu í Viðeyjarsundi en þó að engum varplöndum sé raskað er hafsvæðið á þessum slóðum mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla á ólíkum árstímum. Stofnunin telur að umfjöllun um samlegðaráhrif á fuglalíf í Elliðavogi og Grafarvogi vegna þeirra fyrirhuguðu framkvæmda sem eru á svæðinu ekki nægjanlega góða í umhverfismatsskýrslunni.

Áætlað er að fyrirhugaðar dýpkunarframkvæmdir og að einhverju leyti framkvæmdir við efnislosun á hafsbotni norðvestan Engeyjar munu standa yfir í um 20 ár með mislögum hléum á milli. Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir einhverri truflun staðbundið fyrir fugla en þar sem mikil skipaumferð og önnur hafnarumsvif eru viðvarandi verða þau áhrif að öllum líkindum óveruleg. Fyrirhugaðar framkvæmdir skerða ekki búsvæði fugla en ljóst er að framkvæmdir koma til með að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf þó að stærstum hluta fyrirhugaðs dýpkunarsvæðis, sem og efnislosunarsvæðis, hafi verið raskað áður en ekki er að fullu ljóst hversu mikið fuglar nýta dýpkunarsvæðið til fæðuöflunar. Samkvæmt framlögðum gögnum Faxaflóahafna virðist ekki ástæða til að ætla að gruggmyndun við dýpkun eða efnislosun komi til með að hafa neikvæð áhrif á fugla þar sem gruggmyndun hefur verið staðbundin í kringum dæluskipin við fyrri framkvæmdir. Ljóst er að mengað set finnst á athafnasvæðinu og tekur Skipulagsstofnun undir með Náttúrufræðistofnun um að afar mikilvægt sé að stuðst verði við aðferðir sem draga úr gruggmyndun og að fylgt verði reglum og ábendingum Umhverfisstofnunar við meðferð mengaðs botnsets til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á neikvæðum áhrifum á lífríki, þ.á.m. á fugla. Fyrir liggur að fyrirhugað framkvæmdasvæði er í næsta nágrenni við mikilvæg fuglasvæði og að hluta innan þess. Faxaflóahafnir gera tilraun til að leggja mat á samlegðaráhrif með ýmsum framkvæmdum á fuglalíf, m.a. uppbyggingaráformum í Elliðavogi og stækkun bryggjuhverfis við Gufunes og nýs Vogahverfis. Skipulagsstofnun tekur undir með Faxaflóahöfnum að mikið hefur verið þrengt að svæðinu við Sundahöfn og Elliðavog og Grafarvog með landfyllingum og ofangreindar framkvæmdir koma til með að þrengja enn frekar að því. Stofnunin telur í ljósi þess sem að framan er rakið að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á fuglalíf en um leið er ákveðin óvissa til staðar sem á einnig við um samlegðaráhrif fyrirhugaðra og fyrirbyggjandi framkvæmda.

### 3.3 Botndýralíf

#### 3.3.1 Mat Faxaflóahafna

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna að til staðar sé góð þekking á botndýralífi svæðisins sem byggir á nokkrum rannsóknum sem ráðist hafi verið í vegna ýmissa framkvæmda á síðustu 20 árum. Á Viðeyjarsundi hafi um 80% af dýpkunarsvæðinu þegar verið raskað með fyrri efnistöku, sá hluti sem sé óraskaður er í norðausturhluta dýpkunarsvæðisins sem er úti fyrir Gufunesi. Í tengslum við umhverfismat Sundabrautar hafi Líffræðistofnun Háskólans gert rannsókn á lífríki á botni neðansjávar út af Gufunesi og þar hafi botndýralíf verið metið rýrt og með lítið verndargildi. Í tengslum við umhverfismat Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðrar landfyllingar í Elliðavogi hafi verið gerð rannsókn á botndýralífi innst í voginum og niðurstaðan hafi verið sú að í heild einkennist lífríki á botni í innsta hluta Elliðaársvogs af fáum tegundum og lágum tegundafjölbreytileika. Að mati sérfræðings hafi ekki verið talin þörf á rannsóknum á samsetningu dýralífs á botni í grennd við fyrirhugaða landfyllingu við Klettagarða þar sem mikið álag hafi verið á og við svæðið og líkur á því að lífríkið þar sé nú þegar raskað. Varðandi botndýralíf á efnislosunarsvæðinu norðvestan Engeyjar þá hafi farið fram athuganir á í nágrenni svæðisins og þær tegundir sem þar finnast séu allar algengar hér við land og varðveislugildi botndýra lítið. Þegar

horft sé til þess að svo til öll framkvæmdasvæðin séu þegar röskuð, og að allar rannsóknir séu sammála um að botndýralíf svæðisins sé einsleitt, fábrotið og með lítið verndargildi, sé það mat Faxaflóahafna að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á botndýralíf verði óverulega neikvæð.

### 3.3.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Eins og í tilfelli fuglalífs er mat á áhrifum á botndýralíf byggt á fyrirliggjandi rannsóknum sem að hluta taka til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og að hluta til nærliggjandi svæða. Náttúrufræðistofnun (NÍ) benti á í umsögn sinni að skortur sé á nýlegum gögnum um botndýralíf á sjálfu áhrifasvæðinu þar sem búsvæðum þeirra verður raskað. Eldri rannsóknir benti til þess að þótt botndýralíf á áhrifasvæðinu og nálægum svæðum teljist ekki sérstakt og þ.a.l. ekki með mjög hátt verndargildi þá finnst þar ólík búsvæði botndýra og ýmsar tegundir. Stofnunin telur að það skorti mjög heildstætt mat á sérkennum og stöðu botndýrasamfélaga í innanverðum Kollafirði og er Viðeyjarsund miðsvæðis á þessu stærra svæði og undir miklu álagi vegna nálægðar við starfsemi hafnarsvæðisins og ýmissa fleiri framkvæmda. NÍ leggur því áherslu á mikilvægi þess að vel sé fylgst með ástandi botndýralífs á svæðinu. Í svörum sínum hafa Faxaflóahafnir lýst sig reiðubúnað að taka þátt í vöktun í samræmi við hlutfallsleg áhrif framkvæmda sinna með öðrum framkvæmdaraðilum við Kollafjörð. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að gruggmyndun geti verið á stærra svæði þar sem efni er losað og mikilvægt sé að áhrif gruggs á öröskuð búsvæði verði metin.

Fyrir liggur að við fyrirhugaðar framkvæmdir verður umfangsmikið rask á hafsbotni á stóru svæði vegna dýpkunar og efnislosunar og ljóst er að botndýralíf hefur verið undir miklu álagi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og á svæðum víðs vegar í innanverðum Kollafirði. Svæðum sem fyrirhugað er að raska hefur að stórum hluta verið raskað áður og óvissa er um að hvaða leyti botndýralíf hefur náð sér á strik aftur innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis þar sem ekki liggja fyrir niðurstöður nýlegra rannsókna á svæðinu eins og NÍ hefur bent á. Samkvæmt fyrirliggjandi rannsóknum virðist botndýralíf á og í nágrenni við framkvæmdasvæðið einkennast af tegundum sem eru algengar hér við land og verndargildi botndýra vera lágt. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun hins vegar að ákveðin óvissa sé um umfang áhrifa sem botndýralíf mun verða fyrir af völdum fyrrhugaðra framkvæmda og telur tilefni til að Faxaflóahafnir í samráði við Hafrannsóknastofnun/Náttúrufræðistofnun skoði með hvaða hætti unnt verði að vakta/fylgjast með þeim áhrifum sem fyrirhugaðar framkvæmdir kunna að hafa á botndýralíf.

## 3.4 Mengað botnset

### 3.4.1 Mat Faxaflóahafna

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna að sem hluta af undirbúningi fyrir dýpkunarframkvæmdir létu Faxaflóahafnir framkvæma mengunarrannsóknir á botnseti á dýpkunarsvæðinu í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Niðurstöður mælinga á þungmálmum hafi sýnt að í þremur tilvikum af 84 fóru gildi þeirra í sýnum í varúðar- eða hættuflokk (flokkar IV og V) og niðurstöður mælinga á PCB efnum sýndu að fjórar holur innihéldu nokkra PCB mengun og greindust sýni í varúðarflokki í tveimur holanna. Niðurstöður mengunarmælinga gefi þannig til kynna að á hluta dýpkunarsvæðisins sé styrkur mengunarefna með þeim hætti að hann falli í varúðar- og hættuflokk. Þessi hluti dýpkunarefnisins, sem nemur um 200.000 m<sup>3</sup>, verði lokaður af í stærstu landfyllingunni við Vatnagarða eða landfyllingu við Klettagarða í samráði við Umhverfisstofnun og í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar. Til að koma í veg fyrir að mengað efni dreifist með gruggi sé hægt að notast við dæluskip sem losa ekki gruggugt sjóvatn strax heldur á sama tíma og efnið. Við mokstur myndist lítið grugg og því þurfi ekki að hafa áhyggjur af dreifingu efnis ef því er mokað beint upp á pramma. Þegar horft sé til þess að botninum á dýpkunar- og efnislosunarsvæðinu hafi að mestu þegar verið raskað, ekki verði umtalsverð breyting á botngerð Viðeyjarsunds, og mengað efni verði lokað af í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar, sé það mat Faxaflóahafna að áhrif framkvæmdarinnar á botnset og botngerð séu óverulega neikvæð.

### 3.4.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að skv. umhverfismatsskýrslu verði mest mengaða setið sem fellur til vegna dýpkunar losað í landfyllingar við Vatnagarða og við Klettagarða. Mikilvægt er að mælingar verði gerðar á seti og að gengið sé úr skugga um að ekkert mengað set verði losað í sjó eða á staði þar sem það síðar gæti haft áhrif á lífríki. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á að gera þurfi ráð fyrir að vakta/fylgjast með hugsanlegum áhrifum af mengun frá dýpkunarefni frá efnislosunarsvæði við Engey sem kunni að hafa áhrif á fugla við fæðuöflun. Náttúrufræðistofnun og Heilbrigðiseftirlitið hafa bent á að vakta þurfi hvernig til tekst að loka mengað efni af inni í landfyllingum og hvort mengandi efni losni úr landfyllingunni, bæði út í sjó og svo mögulega á landi. Í svari Faxaflóahafna kemur fram að fyrirtækið hafi átt í góðu samstarfi við Umhverfisstofnun varðandi mengað efni og mengað efni verði ekki haugsett nema með leyfi stofnunarinnar.

Fyrir liggur að hluti þess botnsets sem á að fjarlægja er mengaður skv. rannsóknnum. Faxaflóahafnir hafa lýst fyrirkomulagi sem á að koma í veg fyrir að mengunarefni berist út í umhverfið með gruggi við dýpkun með hugsanlegum neikvæðu áhrifum á dýralíf. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að Faxaflóahafnir geri ráð fyrir að þurfa að vakta hvort mengandi efni losni úr landfyllingunni bæði út í sjó og á landi eins og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur bent á. Hvað varðar efnislosun dýpkunarefnis í sjó þá þarf að gera ráð fyrir að í leyfi Umhverfisstofnunar til varps dýpkunarefna í hafið verði sett ákvæði um ástand þess efnis sem á að haugsetja með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á efninu, m.t.t. viðmiðunargilda í fylgiskjali 2 við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðferð dýpkunarefna. Skipulagsstofnun telur að ákveðin óvissa sé um áhrif af mengandi botnseti á lífríki og því mikilvægt að hún sé lágmarkuð með vöktun.

## 3.5 Hljóðvist

### 3.5.1 Mat Faxaflóahafna

Í umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna kemur fram að mikill dagamunur sé á hávaða frá hafnarsvæðinu í Sundahöfn. Munurinn liggur að mestu leyti í fjölda og stærð skipa sem liggur við höfn og þeirri löndunarstarfsemi sem er í gangi. Þau íbúðahverfi sem séu mest útsett fyrir hávaða frá hafnarstarfsemiinni við Sundahöfn eru Sunda- og Vogahverfi, upp af Sæbraut frá Dalbraut og að Skeiðarvogi, ásamt Hamrahverfi í Grafarvogi. Á Kleppsvæði er að finna heilbrigðisþjónustu og leikskóla, sem hvort tveggja sé starfsemi sem teljist viðkvæm gagnvart hávaða. Helstu hljóðgjafar á hafnarsvæðinu séu skip, löndunarkranar og aðrar vinnuvélar. Miða skuli við að hljóðstig frá hafnarstarfsemi sé undir viðmiðunarmörkum sem gefin eru í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 um hávaða frá atvinnustarfsemi. Við mat á áhrifum hafi verið stuðst við hljóðstigmælingar frá árinu 2015 og hljóðlíkan síðan uppfært með tilliti til framkvæmda þeirra sem umhverfismatið nær til. Þegar jafngildishljóðstig frá mikilli hafnarstarfsemi var skoðað, kom í ljós að hávaði fari yfir viðmiðunarmörk að degi til við hús næst Kleppsvegi frá Kleppsvegi 64 og að Sæviðarsundi. Að nóttu til geti hávaði farið yfir viðmiðunarmörk í öllu hverfinu frá Kleppsvegi 34 og að Barðavogi 13 og öllu hverfinu þar fyrir ofan upp að Langholtsvegi og Vesturbrún, auk þess í stórum hluta Hamrahverfis í Grafarvogi.

Hljóðtoppar sem fylgja löndunarstarfsemi, t.d. gámaskellir, geti haft mun meiri truflandi áhrif á íbúa nærliggjandi hverfa að nóttu til heldur en að degi til. Háværir hljóðtoppar geti truflað svefn íbúa sem geti haft heilsufarslegar afleiðingar. Miðað við grunnástand ætti hávæer hafnarstarfsemi við Sundahöfn, s.s. löndunarstarfsemi, ekki að vera að nóttu til, þ.e. á tímabilinu kl. 23 – 07 og ætti einnig að vera takmörkuð að kvöldi til eftir kl. 19. Fram kemur að við mat á áhrifum voru skoðaðar þrjár sviðsmyndir, í 1. lagi stækkun Sundahafnar og óbreytt umfang hafnarstarfsemi í öðru lagi rafmagnstenging skipa og í 3. lagi byggingar á nýjum hafnarbakka. Miðað við sviðmynd muni færsla Sundabakka og stækkun hafnarsvæðis Sundabakka og Vogabakka hafa annars vegar jákvæð áhrif og hins vegar neikvæð áhrif á mismunandi svæði íbúðabygðar, þar sem hljóðstig muni lækka um



1-3 dB á tilteknum svæðum en hækka um 1-4 dB á öðrum. Eftir stækkun hafnarinnar geti jafngildishljóðstig að degi til enn farið yfir viðmiðunarmörk fyrir tiltekin íbúðasvæði, en reikna megi með að það gerist sjaldnar heldur en fyrir stækkun. Jafngildishljóðstig geti áfram farið yfir viðmiðunarmörk að kvöldi og nóttu til. Varðandi sviðmynd 2 megi gera ráð fyrir að rafmagnstenging skipa geti átt við um stærri skipin við Kleppsbakka og Vogabakka og að hljóðstig frá skipunum lækki um u.þ.b. 5 dB við rafmagnstenginguna. Sviðsmynd 3 hafi hverfandi áhrif á hljóðstig.

#### *Mótvægisáðgerðir og vöktun*

Í umhverfismatsskýrslu er settar fram nokkrar mögulegar mótvægisáðgerðir sem koma til greina við að draga úr áhrifum á hljóðvist en þær eru þó flestar á forræði fyrirtækjanna sem að nota höfnina. Ef farið er eftir þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til séu heildaráhrif framkvæmdarinnar að mati Faxaflóahafna á hljóðvist metin talsvert jákvæð.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að mikilvægt sé að fram fari vöktun hljóðstigs. Skv. frekari upplýsingum frá Faxaflóahöfnum stendur til að setja upp þrjá hljóðmæla á vormánuðum 2022. Tveir síritamælar verða á hafnarsvæðinu og einn við Hamrahverfi á Gufuneshöfða sem nær meiri yfirsýn yfir hafnarsvæðið. Mikill hávaði og hljóðtoppar eru sjálfkrafa hljóðritaðir svo það er hægt að hlusta á upptökuna eftir á og greina hvað olli hávaðanum. Einn mælirinn verður líka veðurmælir svo það sé hægt að sigta út hávaða sökum veðurs. Um er að ræða er samstarfsverkefni Faxaflóahafna, Eimskips og Samskips.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að vöktunin geti hjálpað til við að halda hljóðstigi í nærliggjandi íbúðahverfum innan viðmiðunarmarka hávaðareglugerðar þar sem unnt sé að hafa hliðsjón af niðurstöðum hennar til að hafa bein áhrif á vinnulag og vinnutíma fyrirtækja í Sundahöfn þar sem upplýsingar berast þeim í rauntíma þegar hljóðmælingar fari yfir þau mörk sem sett eru. Einnig getur vöktunin nýst þegar um er að ræða kvartanir frá íbúum fyrir ákveðin tímabil.

#### **Umfjöllun Skipulagsstofnunar**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á í umsögn sinni að í kjölfar aukins fjölda kvartana um hávaða frá hafnarsvæðinu hafi eftirlitið gert kröfu á skipafélögin að leitað yrði leiða til að koma í veg fyrir ónæði af völdum hávaða í nálægri íbúðarbyggð en í svörum félaganna kom fram að ekki væri unnt að hætta vinnu að næturlagi. Bent er á að þrátt fyrir að lagðar séu til mótvægisáðgerðir í umhverfismatsskýrslu í samráði við skipafélögin mun hávaði eftir sem áður vera yfir mörkum reglugerðar um hávaða, a.m.k. að nóttu til. Heilbrigðiseftirlitið telur að auknar kvartanir undanfarin ár bendi til þess að álag vegna hávaða fari vaxandi og óþol gagnvart ónæði fari vaxandi og telur ekki nægjanlega gert grein fyrir þeim áhrifum sem þetta kann að hafa á íbúa þar sem höfnin verður staðsett þarna næstu áratugi. Eftirlitið bendir á mikilvægi vöktunar en jafnframt að að erfitt geti reynst að knýja á um umbætur þar sem vinna við höfnina er á forræði skipafélaganna ekki Faxaflóahafna. Heilbrigðiseftirlitið telur ólíklegt að það dragi úr umsvifum á hafnarsvæðinu á næstu árum en telur eðlilegt að skipulag og útfærsla hafnarsvæðisins sé með þeim hætti að hávaði fari ekki yfir viðmiðunarmörk reglugerðar. Í umsögn Eimskips er talið að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda séu ofmetin en fyrirtækið tekur undir mikilvægi þess að vakta hljóðstig eins og boðað er í umhverfismatsskýrslu. Í því samhengi telja Eimskip það vera mjög mikilvægt að unnt verði að greina uppsprettu hávaða, þannig að hægt verði að beina tilmælum og/eða aðgerðum í réttan farveg.

Fyrir liggur að kvörtunum vegna hávaða frá hafnarstarfsemi hefur fjölgað og að hávaði frá starfseminni hefur mælst yfir viðmiðunargildum reglugerðar um hávaða, einkum að næturlagi. Skipulagsstofnun tekur undir með umsögn Heilbrigðiseftirlitsins um mikilvægi þess að hávaði frá starfseminni fari ekki yfir viðmiðunarmörk reglugerðarinnar. Stofnunin telur að ekki sé hægt um vik að segja til um hvort að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að auka á hávaða sem berst til nálægrar íbúðarbyggðar en í umhverfismatsskýrslu er ekki lagt mat á aukið umfang hafnarstarfsemi vegna stækkunarinnar. Miðað við óbreytt umfang starfsemi má ætla að hljóðstig muni lækka á

sumum svæðum en hækka á öðrum en að lækkun/hækkun verði það lítil að íbúar verði ekki varir við breytingu. Það sem skiptir hér máli er að unnt verði að draga úr hávaða frá hafnarstarfseminni burtséð frá fyrirhuguðum framkvæmdum sem einar sér eru ekki háværar, þannig að hávaði verði undir viðmiðunargildum. Í því sambandi telur Skipulagsstofnun að forsenda fyrir aðgerðum sé sú vöktunaráætlun sem lögð er til í umhverfismatsskýrslu og byggist á hljóðmælingum á vegum Faxaflóahafna, Eimskips og Samskipa þar sem slík vöktun kann að hafa bein áhrif á vinnulag og vinnutíma fyrirtækja í Sundahöfn þar sem upplýsingar berast þeim í rauntíma þegar hljóðmælingar fara yfir þau mörk sem sett eru.

## 4 Skipulag og leyfi

Framkvæmdirnar eru í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í gildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru að hluta til í samræmi við gildandi deiliskipulagsáætlanir lóðar Eimskips í Vatnagörðum og Skarfabakki-Klettagarðar, en gera þarf nýtt deiliskipulag eða breytingar á deiliskipulagi á þeim hluta svæðis sem ekki fellur innan marka gildandi deiliskipulagsáætlana.

Framkvæmdir við dýpkun og landfyllingu eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Efnistaka af hafsbotni er háð leyfi Orkustofnunar skv. lögum um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

## 5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna um þróun Sundahafnar sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2023. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna eru kynnt áform um umfangsmiklar dýpkunarframkvæmdir á Viðeyjarsundi og gerð landfyllinga í Sundahöfn og munu framkvæmdir ná til næstu 20 ára með mislöngum hléum. Gert er ráð fyrir að nýta dýpkunarefnið eins og kostur er í fyrrnefndar landfyllingar eða eftir atvikum í aðrar landfyllingar á höfuðborgarsvæðinu. Það dýpkunarefni sem ekki reynist unnt að nýta mun verða haugsett í gamalli námu á hafsbotni við Engey. Þörf verður einnig á burðarhæfu efni í landfyllingarnar og verður notast við efni sem fellur til vegna framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og/eða efni fengið úr Lambafellsnámu í Ölfusi.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði eða í næsta nágrenni svæðis þar sem allir laxfiskar á leið til Elliðaáa og seiði á leið til sjávar fara um. Fyrirhugaðar framkvæmdir kunna því að hafa neikvæð áhrif á laxfiska. Að mati Skipulagsstofnunar verða helstu áhrif vegna dýpkunarframkvæmda, m.a. vegna gruggmyndunar en þessi áhrif verða þó að öllum líkindum að mestu staðbundin en þó er óvissa til staðar um umfang þeirra þar sem ekki er vitað um hvort laxfiskar og seiði þeirra nýti sér dýpkunarsvæði til fæðuöflunar auk þess sem fyrir liggur að hluti þess botnsets sem á að fjarlægja er mengaður skv. rannsóknum. Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreinds að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á laxfiska en þau áhrif eru þó háð nokkurri óvissu.

Hvað samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum s.s. landfyllingum við Elliðavog og Sundabraut varðar munu fyrirhugaðar landfyllingar koma til með að þrengja enn frekar að því svæði sem göngufiskar hafa og munu framkvæmdirnar auka álag á stofna laxfiska. Gert er ráð fyrir að

framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna standi yfir í fjölda ára með hléum og því má gera ráð fyrir viðvarandi áhrifum á laxfiska sem geta haft samlegðaráhrif með öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum í Elliðaárvogi. Samlegðaráhrifin kunna að vera talsvert neikvæð en jafnframt háð óvissu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir skerða ekki búsvæði fugla en ljóst er að framkvæmdir koma til með að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf þó að stærstum hluta fyrirhugaðs dýpkunarsvæðis, sem og efnislosunarsvæðis, hafi verið raskað áður en ekki er að fullu ljóst hversu mikið fuglar nýta dýpkunarsvæðið til fæðuöflunar. Þó að líkur séu á að gruggmyndun við dýpkanir verði staðbundin tekur Skipulagsstofnun undir með Náttúrufræðistofnun um að mikilvægt sé að stuðst verði við aðferðir sem draga úr gruggmyndun og að fylgt verði reglum og ábendingum Umhverfisstofnunar við meðferð mengaðs botnsets til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á neikvæðum áhrifum á lífríki, þ.á.m. á fugla. Í tilfelli botndýralífs liggur fyrir að fyrirhuguðu dýpkunarsvæði hefur þegar að stórum hluta verið raskað, eins og áður sagði, en óvissa er um að hvaða leyti botndýralíf hefur náð sér á strik aftur innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis þar sem ekki liggja fyrir niðurstöður nýlegra rannsókna á svæðinu og því er umfang áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda óljóst. Skipulagsstofnun telur tilefni til að Faxaflóahafnir í samráði við Hafrannsóknastofnun/Náttúrufræðistofnun skoði með hvaða hætti unnt verði að vakta/fylgjast með þeim áhrifum sem fyrirhugaðar framkvæmdir kunna að hafa á botndýralíf.

Kvörtunum vegna hávaða frá hafnarstarfsemi í Sundahöfn hefur farið fjölgandi og hávaði frá starfseminni hefur mælst yfir viðmiðunargildum reglugerðar um hávaða, einkum að næturlagi. Skipulagsstofnun telur erfitt að segja til um hvort að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að auka hávaða sem berst til íbúðarbyggðar í grenndinni. Miðað við óbreytt umfang starfsemi má ætla að hljóðstig muni lækka á sumum svæðum en hækka á öðrum en að lækkun/hækkun verði það lítil að íbúar verði ekki varir við breytingu. Ef umsvif hafnarstarfsemi aukast kann það að auka ónæði vegna hávaða frá hafnarvæðinu. Það sem skiptir hér máli er að unnt verði að draga úr hávaða frá hafnarstarfseminni burtséð frá fyrirhuguðum framkvæmdum, sem einar sér eru ekki háværar, þannig að hávaði verði undir viðmiðunargildum. Fyrsta skrefið er að hefja vöktun skv. neðangreindri áætlun.

Varðandi nánari umfjöllun um áhrif fyrirhugaðar starfsemi vísast til 3. kafla að framan.

### **Leyfisveitingar og skilyrði**

Skipulagsstofnun telur að ákveðin óvissa sé um áhrif af mengandi botnseti á lífríki og því mikilvægt að möguleg áhrif séu vöktuð. Jafnframt er mikilvægt að hefja vöktun á hljóðstigi vegna hávaða frá hafnarstarfsemi í Sundahöfn í nálægri íbúðarbyggð.

- Hvað varðar efnislosun dýpkunarefnis í sjó þá þarf að gera ráð fyrir að í leyfi Umhverfisstofnunar til varps dýpkunarefna í hafið verði sett ákvæði um ástand þess efnis sem á að haugsetja með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á efninu.
- Til þess að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum dýpkunarframkvæmda á laxfiska og seiði telur Skipulagsstofnun mikilvægt að í leyfi til efnistöku á hafsbotni verði leyfilegt tímabil efnistöku skilgreint.
- Faxaflóahafnir, í samráði við Eimskip og Samskip, þurfa að standa fyrir hljóðmælingum með uppsetningu þriggja síritandi hljóðmæla, sbr. umfjöllun í kafla 3.5.1. Þannig fást upplýsingar hávaða í rauntíma og greina má hvað olli honum og hvort að hljóðstig fer yfir mörk reglugerðar. Tilefni er til að ákvæði þess efnis séu sett í framkvæmdaleyfi.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt í ljósi áframhaldandi framkvæmda á framkvæmdasvæðinu og nágrenni þess og langtímasögu röskunar og álags fyrir lífríki, að markviss langtímavöktun lífríkis verði sett þar á laggirnar. Það á við um fuglalíf, laxfiska og botndýralíf. Faxaflóahafnir hafa lýst sig reiðubúnað að koma að vöktun í samstarfi við aðra framkvæmdaraðila við og í nágrenni fyrirhugaðra

framkvæmda. Skipulagsstofnun telur tilefni til að við leyfisveitingar verði tekin afstaða til fyrirkomulags slíkrar vöktunar og tekin ákvörðun um hvaða aðilar kæmu til með að standa að henni.

Reykjavík, 23. mars 2022

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson